

# Vefrit fjármálaráðuneytisins

3. apríl 2008

## Hátt eldsneytisverð?

Svo sem kunnugt er hefur heimsmarkaðsverð á olíu hækkað mjög að undanfögnu. Í ljósi umræðna um hátt eldsneytisverð hér á landi er áhugavert að skoða hvernig Ísland stendur í samanburði við nágrennalöndin þegar kemur að eldsneytisverði og hlut skattlagningar í því.

Notkun á olíu er víðast hvar skattlögð umfram aðrar vörur og er þeirri skattlagningu meðal annars ætlað að draga úr notkuninni. Á Norðurlöndunum er skattlagningin töluvert meiri en hér á landi eins og sjá má í töflunni hér fyrir neðan og gildir það bæði um bensín og díselolíu. Nú skömmu fyrir síðustu mánaðarmót var bensínverðið lægst á Íslandi af þeim fjórum Norðurlöndum sem hér eru sýnd. Raunar var það einungis í Lúxemborg og á Írlandi sem bensín var ódýrara en hér á landi meðal V-Evrópuríkja meðan Hollendingar borga næstum því eins mikið og Norðmenn fyrir bensín. Díselolía var hins vegar ódýrari en hér á landi í nokkrum ríkjum V-Evrópu.

Hlutur íslenskra stjórnvalda er innan við helmingur af endanlegu söluverði bensíns meðan það er nær 60% af söluverðinu á hinum Norðurlöndunum. Hlutfall skattlagningar er nokkru lægra á díselolíu.

Söluverð á eldsneyti í lok mars 2008				
95 okt. bensín	Ísland	Noregur	Danmörk	Svíþjóð
Söluverð	151,90	186,99	171,17	157,71
Vörugjald	42,23	62,43	62,29	37,89
CO <sub>2</sub> gjald	.	11,98	3,56	30,05
VSK	29,89	37,40	34,23	31,54
Skattar alls	72,12	111,80	100,08	99,48
Verð án allra skatta	79,78	75,18	71,09	58,23
Hlutur stjórnvalda (%)	47,5	59,8	58,5	63,1
<i>Díselolía</i>				
Söluverð	161,90	188,34	170,04	166,70
Vörugjald	41,00	45,21	45,09	16,44
CO <sub>2</sub> gjald	.	8,08	3,93	36,99
VSK	39,67	47,08	42,51	41,68
Skattar alls	80,67	100,38	91,53	95,10
Verð án allra skatta	81,23	87,95	78,51	71,60
Hlutur stjórnvalda (%)	49,8	53,3	53,8	57,0

Miklar verð- og gengissveiflur gera verðsamanburð milli landa erfiðan. Þessir útreikningar byggjast á verðupplýsingum frá FÍB um eldsneytisverð hér á landi og er miðað við fulla þjónustu. Upplýsingar um verð á eldsneyti í Evrópu eru fengnar af vefsíðu vegagerðarinnar í Danmörku. Útreikningar á skattlagningu eldsneytis eru byggðir á upplýsingum frá fjármálaráðuneytum Norðurlandanna.

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - febrúar 2008

[Greiðsluuppgjör ríkissjóðs](#) fyrir fyrstu tvo mánuði ársins liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu greiðslna milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Handbært fé frá rekstri er jákvætt um 34,1 ma.kr. innan ársins sem er heldur hagstæðara en á sama tíma í fyrra. Tekjur voru 8,2 ma.kr. meiri en í fyrra en gjöldin jukust um 3,5 ma.kr. Hreinn lánsfjárfönuður er jákvæður um 31,8 ma.kr. en var neikvæður um 1,6 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

*Innheimtar tekjur* á fyrstu tveimur mánuðum ársins námu 96 ma.kr. sem er 9,4% meira en á sama tíma 2007. Þar af námu skatttekjur og tryggingargjöld tæpum 91 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 9,9% að nafnvirði milli ára eða 6,5% umfram verðbólgu. Aðrar rekstrartekjur jukust um 9,2% (einkum vaxtatekjur og sala á vöru og þjónustu.) Skattar á tekjur og hagnað námu 44 ma.kr. og jukust um 11,6% milli ára. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 15,7 ma.kr. og jókst um

1,2% að nafnvirði frá fyrra ári. Tekjuskattur lögaðila nam 3,0 ma.kr. og minnkaði um 9,9% milli ára. Skattur af fjármagnstekjum nam 25,7 ma.kr. en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar hvert ár. Eignarskattar drógust saman um 2,9% frá fyrra ári og námu 1,7 ma.kr., þar af voru stimpilgjöld 1,3 ma.kr. Innheimta almennra veltuskatta nam 36,2 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem samsvarar 2,7 ma.kr. aukningu eða 4,8% hækkuð að raunvirði. Stærsti hluti veltuskattanna er virðisaukaskattur sem nam að meðaltali um 13 ma.kr. á mánuði í janúar og febrúar og jókst um 1,6% að raunvirði frá fyrra ári. Vegna uppgjörstímabíla og gjaldþaga er rétt að líta á summu tveggja mánaða í senn til að sjá þróun heildarinnheimtunnar og er hún jafnan mest í upphafi árs vegna mikillar veltu í desember. Innheimtan var gríðarmikil í ársbyrjun 2007 en tólf mánaða takturinn féll hratt er leið á árið og yfir sumarmánuðina var innheimtan minni að raunvirði en árið áður. Um haustið tók við uppsveifla sem stóð fram til nóvember. Raunbreytingin milli ára hefur minnkað úr 16,3% í nóvember í 1,6% nú í febrúar. Að raunvirði jukust vörugjöld af óku-tækjum um 118,8% milli ára og olúggjald stóð óbreytt frá fyrra ári. Vörugjöld af bensíni minnkuðu um 1,6% að raunvirði. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi minnkuðu að raunvirði um 5,3%.

*Greiðd gjöld* nema 60,4 ma.kr. og hækka um 3,5 ma.kr. frá fyrra ári eða 6,9%. Milli ára hækka útgjöld mest til heilbrigðismála, um 1,1 ma.kr. eða 9,9% og til menntamála um 1 ma.kr. eða 7,3%. Hlutfallslega hækkar liðurinn óregluleg útgjöld mest eða um 73,8%. Undir þennan flokk falla liðirnir lífeyrissækkanir og fjármagnstekjuskattur, en sá liður hækkar um tæpar 700 milljónir milli ára. Varnarmál hækka um 65,2% og munar mestu að nú kemur Ratsjárstofnun undir þennan lið. Útgjöldin eru 7,3 ma.kr. innan áætlunar og skýrist rúmur helmingur af því að framkvæmdir í samgöngumálum og annarri fjárfestingu fara hægar af stað en gert hafði verið ráð fyrir.

*Lánsfjárfönuður* ríkissjóðs er jákvæður um 30,3 ma.kr. fyrstu tvo mánuði ársins, en lánsfjárförfin var 22,8 ma.kr. króna fyrir sama tímabil í fyrra. Hreinn lánsfjárfönuður nam 31,8 ma.kr. og er 5,7 ma.kr. hagstæðari en áætlanir gerðu ráð fyrir.

## Vöruviðskiptin í mars

Samkvæmt bráðabirgðatölum voru fluttar inn vörur í mars fyrir um 36,4 ma.kr. (fob) sem er 14% aukning frá fyrri mánuði en gengislækkun krónunnar í mánuðinum hefur mikil áhrif þar sem innfluttar vörur eru nú mun dýrari en áður. Fluttar voru út vörur fyrir 31,2 ma.kr. sem er töluvert aukning frá því í febrúar þegar útflutningurinn nam um 20,9 ma.kr. Vöruskiptahallinn í mars var því 5,3 ma.kr. sem er mikill bati frá fyrri mánuði þegar hallinn nam 12,5 ma.kr.

Útflutningur sjávarafurða var með mesta móti í mars og ljóst að gengislækkun krónunnar mun reynast mikil búbot fyrir sjávarútveginn sem og aðrar útflutningsgreinar. Þá er útflutningur áls loks að taka við sér. Aukningin í mars er rúmlega 60% meiri en á sama mánuði í fyrra. Þau tæknilegu vandamál sem tafið hafa aukningu framleiðslu Alcoa Fjarðaáls að undanfögnu er nú að mestu leyst og því má gera ráð fyrir að álútflutningur verði mun meiri þegar framleiðslugeta Fjarðaáls kemst á fullt stig innan skamms.

Þegar lýnt er í undirlíði innflutningsins þar fyrst að nefna að innflutningur fjárfestingarvara (annarra en flutningatekja) er mjög hár í mánuðinum og hefur ekki verið hærri síðan í júlí 2006. Innflutningur hrá- og rekstrarvara er einnig hár í mars og hefur ekki verið hærri í einum mánuði, að desember sl. undanskildum. Aukning í innflutningu neysluvara í mars þarf ekki að koma á óvart og er í samræmi við svokölluð J-kúrfu áhrif. Samkvæmt þeim eykst verðmæti innflutnings í kjölfar gengislækkunar til að byrja með, en þegar fram í sækir hefur hærra verð áhrif til að draga úr magni innflutnings. Á næstu misserum má búast við að innflutningur varanlegra og hálf-varanlegra neysluvara dragist saman að magni til samfara hækkanandi verði en að innflutningsverðmæti nauðsynjavara eins og matvöru aukist. Því er líklegt að vöruskiptahallinn dragist saman á komandi mánuðum og snúist í áf-gang þegar líða tekur á árið.

Tekjur ríkissjóðs janúar - febrúar		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,4	9,9
Skattar á tekjur og hagnað	19,7	11,6
Eignarskattar	-15,5	-2,9
Skattar á vöru og þjónustu	24,2	8,1
Tryggingagjöld	12,2	4,9
Tekjur alls	21,3	9,4

Gjöld ríkissjóðs janúar - febrúar		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	18,9	15,0
Heilbrigðismál	6,6	4,8
Alm.trygg. & velferðarmál	14,5	2,7
Efnahags- og atvinnumál	74,5	-10,2
Menntamál	6,6	14,7
Gjöld alls	13,9	6,2

Afkoma ríkissjóðs janúar - febrúar		
Milljónir króna	2007	2008
Handbært fé frá rekstri	30.133	34.087
Hreinn lánsfjárfönuður	-1.601	31.775
Afborgun lána	-20.583	-808
Brúttó lánsfjárfönuður	-22.844	30.308
Lántökur	38.519	2.327
Breyting á handbæru fé	15.676	32.635

Ýmsar hagtolur		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Verðbólga (febrúar)	7,4	6,8
Kjarnaverðbólga (febrúar)	7,9	6,4
Launavísitala (febrúar)	9,8	6,8
Heildarvelta (jan.-des. '07)	11,7	7,9
Smásöluvelta (jan.-des. '07)	5,4	8,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (febr.)	1,1	0,9